

Af áreiðanleika minninga

Um árabíl hefur sá sem þetta skrifar talað fyrir nauðsyn þess að koma á gagnkvæmum myndlistartengslum við Íslendingabyggðirnar í Kanada; bæði sýna íslenska myndlist þar vestra og fá verk eftir markverðustu listamenn frænda okkar, svo og einnig verk kanadískra frumbyggja, til sýninga á Íslandi. Í viðræðum sem ég átti við forsvarsmenn helstu listasafna í Kanada, bæði í Íslendingabyggðum og annars staðar, lýstu allir

Myndlist

viðmælendur mínir yfir miklum áhuga á nánnum myndlistarlegum samskiptum. Hins vegar var þrautin þyngri að vekja áhuga á slíkum samskiptum hjá áhrifamönnum í íslenskum listastofnunum, sem töldu vísast brýnna að koma íslenskri myndlist á svonefndan heimsmarkað en að rækta tengsl við einhverja útnára í Kanada.

Það kemur mér því ekki á óvart að sýning á verkum íslensk-kanadísku listakonunnar G.N. Louise Jonasson, sem nú hangir uppi í miðrými Kjarvalsstaða, skuli vera hingað komin fyrir frumkvæði Kanadamanna, nánar tiltekið Manitoba-fylkis. Þeir kosta flutninginn, útgáfu á vandaðri sýningarskrá og klykkja út með því að gefa íslensku þjóðinni hluta verkanna. Nú stendur upp á okkur að endurgjalda þessa heimsókn af viðlíka rausn, t.d. með því að senda listasafninu í Winnipeg íslensk verk til sýningar og gjafar.

Í aldingarði menningarfræðanna

G.N. Louise Jonasson er listakona með gríðarmikla menntun og reynslu. Áður en hún hóf myndlistarnám nam hún trúarbragðsfræði og mannfræði, er auk þess með háskólamenntun í fæðingarhjálp. Ásamt með myndlist sinni hefur hún unnið sem myndstjóri á menningartímariti, bókasafnsfræðingur, ljósmyndari, sýningarstjóri og fyrirlesari. Hér er því ekki um að ræða listamann sem vinnur út frá forsendum efniviðarins, óheftra kennda eða óstýrtiláts hugar-



G.N. Louise Jonasson: „Banner with Lance“

Verk hennar eru vandlega uppbyggð, margræð og uppfull með vísunum í jarðfræði, fornleifafræði, ættfræði, erfðafræði, sögu og sálfræði.

flugs, heldur mjög svo meðvitaðan verkamann í aldingarði menningarfræðanna. Verk hennar eru vandlega uppbyggð, margræð og uppfull með vísunum í jarðfræði, fornleifafræði, ættfræði, erfðafræði, sögu og sálfræði, þannig að ekki dugir minna en kandidatsritgerð í menningarvísindum til að gera þau aðgengileg áhorfendum.

Á sýningunni eru tvær myndraðir, „Ey“ og „Minningar um ey“, plús stakt verk í öðrum dúr, og eru þau öll tilbrigði um þær hugmyndir sem Louise Jonasson gerir sér um hina íslensku arfleifð sína. Þótt hún nefni verkin „minningar“, eru þau í raun tilbúningur, því listakonan hafði ekki komið til Íslands þegar hún gerði þau. Sem leiðir hugann að áreiðanleika minninganna; eru þær ekki brotkennt samsafn smámynda sem við sjálf veljum og dubbum upp í þá „fortíð“ sem okkur hugnast best?

Gulltöflur

Þessar „minningar“ sínar, sem taka m.a. til hugmyndarinnar um frum-eyjuna, ís-

lenskra lifnaðarháttá í fortíð og nútíð og einkalegra tákna, málur, ristir og mótur listakonan á spónaplötur sem hún „fyrnir“ með ýmsum aðferðum. Áhorfandinn er því í sporum fornleifafræðingsins sem uppálagt er að glöggva sig á þeirri siðmenningu sem að þessum nútíma „gulltöflum“ stendur, sjá ljóð Stephans G. í sýningarskránni.

Hér er vissulega vélað um með öðrum hætti en við eigum að venjast. Og áhugavert að sjá viðleitni listakonunnar til að skapa sér merkingarþæra mýtu úr þessari fjarlægju íslensku arfleifð, jafnvel þótt hún skynji á endanum að veruleikinn að baki mýttunnar verði ekki brotinn til mergjar með góðu móti. Það sem kannski stendur henni mest fyrir þrífum er þurrlegur frásagnarmátinn, áhugaleysi um tæknilega náttúru þeirra fjölmörgu miðla sem hún er með undir í hverju verki. Þetta gerir verkin helst til einsleitt innbyrðis og óspennandi fyrir augað.

Aðalsteinn Ingólfsson

Minningar um ey stendur til 9. september. Kjarvalsstaðir eru opinir alla daga kl. 10–17 en til kl. 19 á miðv.

Merkir Íslendingar

Það var ekki leiðinlegt að vera Íslendingur í Danmörku í ágústmánuði. Í fyrsta lagi var íslenskum kvikmyndum sem þar voru sýndar afskaplega hlýlega tekið og af alvöru. Ekki veit ég hvernig aðsóknin var að íslensku kvikmyndahátíðinni sem haldin var í Kaupmannahöfn og víðar, en umsagnir voru góðar um Úngfrúna góðu og Húsið og 101 Reykjavík. Baltasar Kormákur laðaði alla leið til Íslands blaðamenn allra helstu Kaupmannahafnarblaðanna sem höfðu smekk bæði fyrir einkar áhugaverðu útliti hans og því sem hann hafði að segja. Gaman.

Svo komu Norðurljós Einars Kárasonar út í danski þýðingu og umsagnir um þau í helstu blöðum yfirleitt afar vinsamlegar og vitsmunalegar.

Síðast en ekki síst kom svo Vespertine út og Björk breiddi sig yfir heilsíður blaðanna sem eru helmingi stærri að ummáli en við eigum að venjast. Og umsagnirnar voru svo fallegar að maður viknaði ... að maður minnst nú ekki á myndirnar af henni.



Galdrakerling

„Eins og rúnir á tungunni,“ var fyrirsögn gagnrýnnar í Politiken – og er þá vísað til íslensks framburðar Björk á enskummi sem afmarkar hvert hljóð fyrir sig og gefur því sjálfstætt líf. „Þetta er plata persónulegra ummæla,“ segir enn fremur, „ástarjátningar í iðu líflegra, músíkalskra atriða ... en einnig almenn tjáning á þörf manneskjunnar fyrir dýpt og samhengi. Sviðsett í tónlist sem leitar jafnt til himins og inn á við ...“

„Alveg síðan Debut kom út 1993 hefur Björk heillað og undrað alþjóðlegan aðdáendahóp sinn með víðu tónsviði og óviðjafnanlegri rödd,“ segir Weekendavisen. „Helsta einkenni hennar eru óútreiknanlegar en tilfinningalega hárréttar sveiflur milli hins gamalvittra og hins barnlega, hins ástríðufulla og hins hljóðlata, hins kraftmikla og hins viðkvæma.“ Hann segir líka síðar í umsögninni réttilega að Björk sé göldrótt og hrósar henni fyrir þann ótrúlega þroska sem tónlist hennar hafi tekið síðan hún sprakk út sem sjálfstæður listamaður. „Það er enginn fyrir ofan eða við hliðina á þessum frjálsa Íslendingi sem án nokkurrar áreynslu eyðir leiðinlegum skilum milli popps og finnar tónlistar, milli ryþmískrar tónlistar og „komposisjónlistar“.“

Af orðum gagnrýnenda má glöggst finna að Björk er einhver frumlegasti og merkasti tónlistarmaður sem veröldin á um þessar mundir, og hún skammast sín ekkert fyrir að vera af þessari fjarlægju eyju. Þvert á móti hefur hún notað uppruna sinn til að ítreka sérstöðu sína – til dæmis með framburðinum á ensku sem verður eins og rúnir á tungu hennar.

Barnabækur á uppleið

Harry Potter lagði línurnar með því að láta tilnefna sig til virðulegra bókmenntaverðlauna, og nú er barnabókin The Amber Spyglass eftir Philip Pullman í hópi úrvalsbóka fyrir sjálf Booker-verðlaunin. Eins og glöggir lesendur hafa áttað sig á er þetta lokabindi af þrileik Pullmans um ævintýrahetjuna Lýru, en fyrsta bindið kom út í íslenskri þýðingu Önnu Heiðu Pálsdóttur fyrir síðustu jólin undir nafninu Gyllti áttavittinn. Hún hlaut gífurlega góðar viðtökur hér á landi eins og annars staðar.

Íslendingar voru fljótir að átta sig á hvaðan vindurinn blési í sambandi við barnabækur því Andri Snær hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Söguna af bláa hnettinum í fyrri!



Óperuhátíð blásin af

Óperuunnendur í Kaupmannahöfn eru margir og jafnan er fullbokað jafnvel löngu fyrir fram á allar óperusýningar í Konunglega leikhúsinu þar sem hinn ungi Kasper Holten ræður ríkjum. Því sáu nokkrir aðilar undir forystu óperusöngvarans Brians Dans sér leik á borði og boðuðu mikla óperuhátíð í borginni í lok ágúst og byrjun september. Þeir leigðu geysistört húsnæði, eins konar „laugardalshöll“, réðu hljómsveit, hljómsveitarstjóra, kór og einsöngvara erlendis frá, aðallega frá Ítalíu, buðu ungum söngvurum að koma og syngja fyrir í því skyni að velja nokkra úr hópnum til að syngja með hinum heimsfrægu útlendingum og boðuðu átta sýningar á Tosca og Rigoletto auk galakvölds, alls 54 þúsund miða.

Það fyrsta sem tortryggni vakti var hve fáir ungir söngvarar reyndust hafa áhuga á að syngja með heimssöngvurunum en þó fékkst að lokum tilskilinn fjöldi til að taka þátt í flutningnum. Næst spurðu óánægjuraddirnar hvar í heiminum söngvararnir væru frægir sem ráðnir höfðu verið og framkvæmdaðilar svöruðu snúðugt að alveg væri þetta týpískt fyrir Dani, þeir þekktu enga söngvara nema Pavarotti! Svo kvísaðist að styrktaraðilar vildu ekki láta nafns síns getið – þvert ofan í það sem venja er til. Einnig það þótti tortrygglegt.

Síðan rann upp morgunninn eftir galakvöldið sem hátíðin hófst á og dagljóst varð af gagnrýnni að þar höfðu fáir kunnað almennilega til verka – og alls ekki framkvæmdaðilarnir. Allt vantaði sem við átti að éta. Fáir söngvararnir stóðu sig þokkalega – um einn var sagt að þó að öndin bærist í vif-

um hans hefði röddin hans dáið fyrir þó nokkrum árum! – og sagt var að hver hinna fimf sínfóníuhljómsveita sem Kaupmannahöfn státar af hefði getað spilað Fílharmoníu-



Haugur á borðinu

Hef tekið eftir því að jafna safnast fyrir lítild bókasafn á náttborðinu mínu uppi í Grafarvogi. Það þykir mér gott. Og fátt er eyðilegra en autt náttborð, strokið og hreint. Náttborð eiga að geyma hauga af bókum; ólíkum, misþykkum, misgóðum. Svona slatta af heimsins meiningum.

Var rækilega minntur á þetta eitt síðkveldið á þessu síðsumri. Kominn berrassaður upp í beddinn og þess albuinn að opna galdur lítillar bókar á borðinu góða, reyndar ljóðabókar, mjög þunnrar. En oft veltir lítil ... eins og máltækið segir. Og haldiði ekki að haugurinn hafi henst í gólfíð og lá við að samfelldur barnaskarinn vaknaði í stafrófsröð hinumegin við þilið. Dynk, dynk, dynk.

Þarna lá safnið í gólfínu, reyfarar, ljóðabækur, þungar skáldsögur og tímarit, að ógleymdum litlu kompunum mínum sem ég fylli af renningum hugans með þéttri og smágerri skrift minni þegar andinn er í hverfinu.

hljómsveit Rómaborgar út af sviðinu.

Þá var framkvæmdaðaöllum nóg boðið og þeir blésu hátíðina af – enda hafði fátt eitt selst af þessum 54 þúsund miðum...

Voru þá borgarþáttar ekki eins hungraðir í óperu og ætla mátti? Eða lætur fólk ekki bjóða sér hvað sem er?

För að hugsa um það hvað bækur eru manni mikils virði þegar ég settist þarna á naktar hækjur mér og byrjaði að stafla þeim aftur upp á nóttina. Og sá þarna eina af ástæðum þess að Íslendingar vilja fremur eiga bækur en fá þær að láni. Þarna voru skáldsögur sem ég hafði komist þokkalega af stað með um vorið, en gefist upp á og ætlað betri tíma. Dálagleg sekt ef lánuð væri. Og hálfnaðar ljóðabækur, varla opnaðir reyfarar. Léttilega krumpuð tímarit.

Margar bækur eru nefnilega lokaðri en þær sýnast vera. Sumar opnast algerlega og eru auðlesnar, aðrar geta þirrað mann svo dögum skiptir, allt þar til þær opnast ekki einasta heldur opna augu manns. Enn aðrar eru alltaf að loka á mann, þurfa hvíldar við. Þá eru þær til sem opnast aldrei. Og loks þær sem henta ekki nema á vissum tímum.

Því er gott að hafa haug á borðinu. Bara að hann sé vel staflaður. -SER